



20.10.2023

Ágætu félagar.

Nú er sumarið liðið, aftur komið haust og þar með er nýtt skólaár hafið.

Á þessu ári hafa verið haldin mörg námskeið fyrir starfsfólk skóla um uppbyggingu sjálfsgættu – uppeldi til ábyrgðar og hafa hátt á annað þúsund einstaklingar sótt fræðsluna. Námskeið, upprifjunar- og hvatningafundir voru haldnir um allt land. Ánægjulegt er að segja frá því að fræðsluna sótti starfsfólk bæði úr leik- og grunnskólum og var það einstaklega gaman fyrir leiðbeinendur að fá að kynna starfinu víða um landið. Við viljum nota tækifærið og þakka góðar móttökur.

Rebecca Gray leiðbeinandi frá Manitoba kemur til landsins á vegum félagsins í byrjun október 2024 og verður með námskeið fyrir þá sem eru komnir með mikla reynslu og búnir með grunnnámskeið. Hún verður með námskeið á vegum félagsins 7.- 11. okt þar sem hún kennir Restitution II og Control Theory. Ekki er búið að fastsetja flug hennar til landsins þannig að enn er möguleiki fyrir skóla og sveitarfélög að fá Rebeccu til sín og halda námskeið sérstaklega fyrir ákveðna starfsmannahópa. Vinsamlegast hafið samband við Guðbjörgu formann sem fyrst ef áhugi er fyrir slíku samstarfi.

Námskeið fyrir starfsmenn leikskóla 17. janúar 2024 haldið í Tónmenntasal Álftanesskóla kl. 09:00 – 16:00. Námskeiðið er haldið í samvinnu við leikskólana Holtakot og Krakkakot á Álftanesi og leikskólann Arnarsmára í Kópavogi. Sjá auglýsingu og skráningu á vef: <https://uppbygging.is/> og fésbók félagsins.

Það fjölgar í hópi skóla sem kjósa að vinna í anda uppbyggingar. Við fögnum því að sjálfsögðu og hvetjum nýja jafnt sem eldri skóla að hafa samband sín á milli. Sendið endilega pósta og komið á samskiptum milli skóla/kennara til að skiptast á hugmyndum, leita aðstoðar og fá hvatningu. Yfirlit yfir skóla sem eru að nota þessa stefnu má sjá á heimasíðu samtakanna, **uppbygging.is** (forsíða – styrktarskólar). Einnig hafa bæst við nýjir félagar á árinu og bjóðum við nýja félaga hjartanlega velkomna til samstarfs. Félagsmenn eru núna 176. Hægt er að gerast félagi á heimasíðu félagsins, hnappur neðst á síðunni.

Við hvetjum ykkur líka til að senda okkur á Facebook síðuna eða Instagram síðuna fréttir, frásagnir og myndir úr uppbyggingastarfinu. Það er alltaf skemmtilegt og gefur öðrum ótrúlega góðar hugmyndir.

Stjórn félagsins hefur látið uppfæra heimasíðu félagsins og okkur þætti vænt um að fá frá ykkur námsefni og hugmyndir til að setja inn á síðuna svo hún nýtist ykkur enn betur. Því fleiri sem senda inn efni þeim mun betra og þannig bætum við í hugmyndabankann okkar.

Hjá gjaldkera er hægt að kaupa margskonar varning tengdum félaginu, bækur, fána, taupoka, lykklabönd, flettibók með helstu upplýsingum um stefnuna o.fl. (sveinbjorn.njalsson@gmail.com). Stjórn félagsins hlakkar til að eiga með ykkur uppbyggjandi vetur og biður ykkur endilega að hafa samband ef við getum eitthvað aðstoðað ykkur.

Með kveðju, f.h. stjórnar Guðbjörg M. Sveinsdóttir

guðbjorgmsv@gmail.com

formaður Félags um uppbyggingu sjálfsgættu